

## Kynning á verkinu *Kristrún í Hamravík*

Sagan er eitt besta verk Guðmundar G. Hagalíns. Aðalsöguhetjan, *Kristrún*, er ein af eftirtektarverðustu persónum í íslenskum bókmenntum. Guðmundur hafði tvær konur á Vestfjörðum sem fyrirmyndir að *Kristrúnu*. Málfar *Kristrúnar* er mjög sérstætt – töfrum hlaðið. Við sem skrifuðum þetta verk erum þeirrar skoðunar að halda ætti orðfærinu að mestu við flutning verksins. Með skýrri framsögn og öruggu látbragði mun áhorfandinn skilja það sem fram fer – þó eitt og eitt orð sé framandi.

**Fyrri þáttur:** *Kristrún* er orðin gömul, situr mestan part á rúmi sínu og þrjónar. Hún vill tryggja að yngri sonur hennar, Falur, taki við búinu. Hamravík er með dýrari jörðum á norðanverðum Vestfjörðum, mikil hlunnindajörð. *Kristrún* lætur sig dreyma um að Falur kvænist áður en hún deyr. Henni verður að ósk sinni um stúlku handa Fal vegna þess að stúlkan Aníta kemur til Hamravíkur, en hún er að flýja frá yfirvöldum þar sem hún er grunuð um að hafa fargað barni sínu sem hún ól „*úti um hagann*“.

**Seinni þáttur:** Eldri sonurinn Ólafur hefur gerst trúboði hjá bergenskum drottins sendiboðum. Hann kemur heim og vill selja jörðina og flytja í Tangarkaupstað. Hann reynir að fá Fal og Anítu til að samþykkja ráðagerðina. En *Kristrún* kann ráð gegn slíku ráðabruggi og lætur sig ekki muna um að kalla drauginn Hamravíkur-Koll til hjálpar.

### ***Verðugt að minnast skáldsins***

*Benda má á að árið 2023 eru 125 ár síðan skáldið Guðmundur G. Hagalín fæddist og því væri vel við hæfi að sýna þetta verk eða ákveðna hluta af því – annað eins á skáldið skilið af Íslendingum. Einnig má benda á að sama ár eru 90 ár frá því að *Kristrún í Hamravík* kom út.*